

LÖG**um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt,
með síðari breytingu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 23/1980) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 20% — tuttugu af hundraði — söluskatt og auk þess 2½% — tvo og hálfan af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattsskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar mismun á söluskatti skv. 1. gr. laga þessara og söluskatti skv. 1. gr. laga nr. 23/1980 nema sannað sé að þessi mismunur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

II

Nú hefur innflytjandi áður en lög þessi ganga í gildi afhent til tollmeðferðar skjöl sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað og skal þá ekki heimta af henni skv. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960 þá hækkun söluskatts er leiðir af lögum þessum. Þetta gildir þó því aðeins að vara sé tollafgreidd fyrir 7. janúar 1985.

III

Af vörum, söluskattsskyldum við tollafgreiðslu, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 1. janúar 1985 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts, skal greiða þann söluskatt sem skv. 1. gr. laga þessara gildir frá og með 1. janúar 1985 nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 15. febrúar 1985.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.